

## Fréttatilkynning

### ESMA mælir með að aðilar á fjármálamarkaði grípi til aðgerða vegna COVID-19

Stjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA), í samvinnu við eftirlitsstjórnvöld hvers ríkis, fylgist náið með áhrifum COVID-19 faraldursins á fjármálamarkaði innan Evrópusambandsins (ESB). Í framhaldi af fundi stjórnar ESMA leggur stofnunin eftirfarandi til við þátttakendur á fjármálamarkaði.

- **Áætlun um rekstrarsamfellu** – Allir þátttakendur á fjármálamarkaði, þ.m.t. aðilar sem veita innviðþjónustu á markaðnum, ættu að yfirfara viðbragðsáætlanir sínar, þ. á m. aðgerðir til að tryggja samfellu í rekstri í samræmi við skyldur sínar samkvæmt lögum.
- **Upplýsingagjöf á markaði** – Útgefendur fjármálagerna ættu að birta eins fljótt og auðið er allar þær upplýsingar sem máli skipta varðandi áhrif COVID-19 á rekstrargrundvöll, væntingar eða fjárhagshorfur í samræmi við reglugerð um markaðssvik.
- **Upplýsingagjöf um fjárhagsuppgjör** – Útgefendur fjármálagerna ættu að veita upplýsingar varðandi raunveruleg og möguleg áhrif COVID-19 á rekstur sinn, eins og unnt er byggt á eigindlegum og megindlegum matsþáttum varðandi starfsemi, fjárhagsstöðu og afkomu í ársskýrslu sinni fyrir árið 2019 ef hún hefur ekki verið birt. Annars skal birta upplýsingarnar í næsta árshlutareikningi.
- **Sjóðastýring** – Sjóðsstjórar eiga að tryggja fylgni við kröfur um áhættustýringu og bregðast við í samræmi við þær.

ESMA mun, ásamt eftirlitsstjórnvöldum, halda áfram að fylgjast með þróun fjármálamarkaða með hliðsjón af áhrifum COVID-19. Stofnunin er reiðbúin að nýta heimildir sínar til að tryggja skilvirkni markaða, fjármálastöðugleika og fjárfestavernd.